

Ed.

### 255. Nefndarálit

i málinu: Frumvarp til laga um sóknartekjur.

Nefndin hefir ekki getað orðið alls kostar á eitt mál sátt um frumvarp þetta, og skýrir meiri hlutinn frá álitinu sem hér segir:

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því, er millipinganefndin í skattamálum samdi og prentað er í tillögum hennar. Það fer fram á afnám allra hinna núverandi prests og kirkjugjalda. Gjöld þessi eru samkvæmt nógildandi lögum 12 að tölu auk 5 niðurjafnana á sérstökum kostnaði í safnaðar og kirkjuþarfir.

Flest þessara gjalda eru afargömul. Á sínum tíma voru þau góð og réttlát gjöld, en nú verður það ekki sagt um allmörg þeirra. Atvinnuvegir og lífnáðarhættir þjóðarinnar, sem þau í fyrstu voru miðuð eftir, hafa stórum breyzt. Nú koma þau óréttlátlega niður og um sum þeirra er orðin töluverð réttaróvissa.

Nokkur af gjöldum þessum eru eignarskattur, svo sem fasteignar- og

lausafjárntundin til prests og kirkju og kirkjugjald af húsum, önnur þeirra mega teljast persónuleg gjöld, án þess þó að þau nái til allra stétta, og enn önnur mega fremur teljast kvaðir en gjöld, í eiginlegum skilningi. Gjöld þessi eru því orðin óþarflega margbrotin, óviss og koma ójafnt niður, enda hafa óvinsældir þeirra óðum aukist að undanfögnu.

Það ber því brýna nauðsyn til að ráða bætur á þeim agnóum, sem orðnir eru á gjöldum þessum.

Í þá átt fer frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Samkvæmt því á að steypa öllum þessum gjöldum saman í tvö gjöld, prests- og kirkjugjald. Gjald þetta á hvort fyrir sig að vera persónulegt, jafnt á hvern safnaðarlim, sem er 15 ára að aldri.

Þá aðferð mætti auðvitað hafa í þessu máli, að því er til sóknartekna prestanna kemur, að fella þær niður án þess að láta nokkurt gjald koma í þeirra stað. Prestarnir yrðu þá launaðir beint úr landssjóði eins og aðrir embættismenn landsins. En bæði er örðugur fjárhagur landsins nú þessu til fyrirstöðu og svo litur meiri hluti nefndarinnar svo á, að embættisstörf prestanna í þarfar safnaðanna og samband þeirra og safnaðanna sé þess eðlis, að persónulegt gjald eigi þar betur við en þegar um aðra embættismenn þjóðarinnar er að ræða. Hann aðhyllist þar þá stefnu frumvarpsins, að láta persónulegt gjald koma í staðinn fyrir hin núverandi prests- og kirkjugjöld. Í fljótu bragði virðist það ef til vill miður réttlátt, að gjald þetta sé jafnhátt á rikum og fátækum, konum og körlum, en þegar þess er gætt, að allir hafa sama rétt til prestsins og kirkjunnar, og svo hins, að allir fullveðja menn, konur sem karlar, hafa atkvæðisrétt í safnaðarmálum, þá virðist þetta ekki ósanngjarnt. Þessi gjöld verða og næstum einu beinu gjöldin, sem mikill hluti safnaðanna innir af hendi í opinberar þarfir.

Samkvæmt frumvarpinu er prestsgjaldið 1 kr. 50 aur. og kirkjugjaldið 75 aurar á hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri. Með gjöldum þessum næst upphæð hinna núverandi prests- og kirkjugjalda þótt 6% innheimtulaun séu frá dregin. Sóknartekjur presta munu nema um 75 þús. krónum og sóknartekjur kirknanna um 38 þús. krónum.

Með prestalaunalögunum nýju er sóknarnefndum gert að skyldu að innheimta sóknartekjur presta, að aukatekjum undanteknum. Þessi innheimta er erfið og vafningssöm að ýmsu leyti sakir þess, hve gjöld þessi eru mörg og vafasöm, og óvinsæl er hún af því, hve þau eru úrelt og ósanngjörn. Alt öðru máli er að gegna um innheimtuna samkvæmt þessu frumvarpi; hún yrði ólíkt greiðari.

Í kirkjugjaldinu er ætlast til að fólgin verði venjulega allur sá kostnaður, sem söfnuðirnir nú bera í ýmsum myndum, svo sem kostnaður við kirkjubygging, viðhald kirkjugarða, kostnaður við prestkosning, söng og orgelgjald og borgun til safnaðarfulltrúa. Allan þennan kostnað verður nú að lúka með sérstökum niðurfjöfnunargjöldum á söfnuðina og er sú niðurfjöfnun umsvifamikil og óþægileg bæði fyrir innheimtumenn og gjaldendur. Þessi niðurfjöfnun hverfur alveg úr sögunni, þar sem söfnuðir hafa tekið að sér umsjón og fjárhald kirknanna og þar geta þeir líka sniðið gjaldið alveg eftir þörfum sínum og kirkjunnar með því að hækka það og lækka. Að visu verður þessu ekki við komið, þar sem kirkjur standa undir umráðum einstakra manna, en þeim kirkjum fer vonandi stöðugt fækkandi og þar af leiðandi þeim umsvifum og óþægindum, sem þessi margbrotnu gjöld og kvaðir hafa í för með sér.

Að öllu þessu athuguðu telur meiri hluti nefndarinnar rétt að samþykkja frumvarp þetta. Nokkrar breytingar vill nefndin þó gera á því, og eru sumar þeirra að eins orðabreytingar og til skýringar. Helztu efnisbreytinganna vill hún geta að nokkru.

Í 3. gr. er vísað til prestalaunalaganna um reikningsskil sóknarnefndanna fyrir prestsgjaldinu. Nefndinni þykir rétt að taka þá grein úr nefndum lögum í frumvarpið með litilli breytingu, sóknarnefndunum til hægðarauka; hafa þær þá alt í sömu lögunum um skyldur þeirra í þessu efni.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að söfnuðir geti hækkað kirkjugjöld og lækkað. Til hækkunar kemur auðvitað þá helzt, er kirkja er byggð og lúka þarf byggingarkostnað hennar; getur sú hækkun, sem af því leiðir, orðið allmikil og fátækum söfnuðum allþung. Til þess að létta þeim að nokkru þá byrði, leggur nefndin til að þessum kostnaði sé að hálfu leyti jafnað niður eftir efnun og ástæðum. Að vísu er með þessu gengið á móti meginreglu frumvarpsins, persónugjaldinu. En í þessu tilfalli lítur nefndin meira á það, að efnamennirnir beri á þennan hátt tiltölulega meira en fátæklingarnir, enda munu efnamennirnir oftast ráða meiru um það, hve þessi kostnaður verður mikill, en fátæklingarnir, og því sanngjarn, að þeir beri nokkru meira.

7. gr. frumvarpsins telur nefndin ekki nógu ljósa. Hún vill, að það komi ljóslega fram, að forráðamenn þeirra kirkna, sem ekki eru undir umsjón safnaðanna, geti ekki mót vilja safnaðanna grætt á breytingunni á kirkjugjöldum, því að vitanlega yrði sá gróði tekinn úr vasa safnaðanna. Hins vegar má kirkjan heldur einskis í missa og vill nefndin, að hvorttveggja þetta atriði sé tekið fram með skýrum ákvæðum.

Þá telur nefndin heppilegt, að aukaniðurjöfnun sú, sem ráðgerð er í breytingartillögu hennar við 6. gr., geti farið fram á hverjum tíma árs sem er, en sé ekki bundin sömu ákvæðum og hið fastákveðna kirkjugjald. Getur það á ýmsan hátt verið haganlegra fyrir söfnuðinn og sóknarnefndina.

Við 9. gr. vill nefndin bæta ákvæði um rétt sóknarnefnda til að ganga að gjaldendum kirkjugjalds sjálfum, ef heimilisráðandi er örelgi. Ennfremur að aldurstakmark gjaldenda í 10. gr. sé miðað við næsta nýár á undan gjalddaga en ekki gjalddagann sjálfan. Hvað gjaldskylduna snertir, hefir þetta sárlitil áhrif, en áreiðanleg vísu um aldur gjaldandans auðfengnari með þessu móti.

Í 15. gr. vill nefndin breyta 10 ára meðaltali sóknartekjanna í 5 ára meðaltal, með því að svo langt tímabil geti bakað prestum í sumum prestaköll-nokkurn tekjumissi.

Að öðru leyti mun nefndin gera frekari grein fyrir breytingartillögum sínum í framsögu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að háttv. Ed. samþykki frumvarpið með eftirfylgjandi breytingartillögum.

### Breytingartillögur

við frumvarp til laga um sóknargjöld.

1. Við 2. gr. Orðin: »er telst til þjóðkirkjunnar« falli burtu.
2. — — Í stað orðanna: »Til þjóðkirkjunnar teljast allir þeir sem ekki« komi: »Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem«.

3. Við 3. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar falli burtu.
4. — — Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr., svohljóðandi:  
 »Sóknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, eða kvittun sóknarprests íns fyrir því fé, er sóknarnefndin hefir greitt honum samkvæmt ávisun prófasts.  
 Prófastur getur haldið sóknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma«. Greinatalan breytist eftir þessu.
5. — 5. gr. Fyrir orðin: »eru fullra 15 ára að aldri« komi: »sem gjaldskyldir eru«.
6. — — Fyrir orðin: »15 ára að aldri« komi: «gjaldskyldur er til kirkju» í niðurlagi greinariunar.
7. — 6. gr. Orðin: »í þjóðkirkjunni« í upphafi greinarinnar falli burtu.
8. — — Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:  
 »Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu«.
9. — — Aftan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:  
 »Nú er kirkjugjald hækkað, og jafnar þá sóknarnefndin gjaldaukanum niður þannig, að helmingurinn greiðist eftir efnam og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern gjaldskyldan safnaðarlim«.
10. — 7. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist svohljóðandi málsgrein:  
 »Ákvörðun þessi skal þó því að eins gilda, að kirkjuforrándi eða söfnuður hafi beiðst þess, enda hafi hin nýja skipun rýrt eða aukið tekjur kirkjunnar til muna«.
11. — — Fyrri málsgrein síðari liðs falli burtu.
12. — 8. gr. Á eftir þriðju málsgrein (innheimtulaun) í 8. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:  
 »Aukaniðurjöfnun þá, er ræðir um í síðustu málsgr. 6. greinar, má sóknarnefnd gera á hverjum tíma árs sem er, og er gjalddagi þess gjalds sex vikum eftir að niðurjöfnunin er auglýst«.
13. — 9. — Á eftir fyrri málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:  
 »Nú er heimilisráðandi öreigi að álitu sóknarnefndar og hefir hún þá rétt til að ganga að gjaldanda sjálfum«.
14. — 10. — Fyrir: »eindaga gjaldanna« í niðurlagi greinarinnar komi: »næsta nýár á undan gjalddaga«.
15. — 11. — Fyrir: »10« komi: »5« og fyrir: »1899« komi: »1904«.
16. — 12. — Fyrir: »16« í 6. málsgr. komi: »17«.

Alþingi 17. marz 1909.

Eiríkur Briem,  
formaður.

Sigurður Stefánsson,  
skrifari og framsögumaður.

Steingrímur Jónsson.

Jósef Björnsson.

## Agreiningsálit minni hlutans.

Um það er eg háttv. meiri hluta samdóma, að breytingartillögur hans við frv. séu því til bóta.

Samdóma er eg og meiri hlutanum um, að hin fornu sóknargjöld til presta séu að sumu leyti ójafnaðargjöld og að öðru leyti úrelt vegna breytts ástands, og að dagar þeirra eigi sem fyrst að vera taldir.

Um önnur meginatriði málsins, að því er til prestsgjaldanna kemur, er eg meiri hlutanum ósamdóma.

Alt fram á yfirstandandi þing virtist þjóð og þing og stjórn samdóma um, að þetta þing ætti ekki að taka tillögur millipinganevndarinnar í skattamálum landsins til meðferðar. Hafi það verið vel og rétt ráðið, sem eg tel vafalaust að verið hafi, þá verð eg að telja fjótráðið, ef ekki misráðið, að slita nú skattamál þetta, þann veg sem meiri hlutinn ræður til, út úr heildarsambandi því við önnur skattamál landsins, sem það var sett í, er það var lagt í hendur millipinganevndarinnar, og ráða því fyrirfram einu um sig til lykta með persónuskatti, er þjóðin ekki hefir fengið ráðrúm til að ræða og láta uppi álit sitt um.

Hinum eigi óverulega persónuskatti (nefskatti), er farið er fram á, er eg eindregið mótfallinn af ástæðum þeim er eg nú skal telja:

1. hann er í sjálfum sér og út af fyrir sig mesti ójafnaðarskattur; er og
2. fyrir þá sök allra skatta óvinsælastur og verst fallinn til greiðslu embættismannalauna, og mundi sú óvinsæld gjaldsins bitna að ósekju og ómaklega á prestastétt landsins, og loks
3. yrði innheimtan afar umsvifasöm og dýr.

Þau tel eg aftur á móti hagkvæmust og heppilegust úrslit þessa prestgjaldamáls, að prestsgjöld þessi (sóknartekjur) verði úr gildi feld, og upphæð sú, er þau nema, c. 75.000 kr., verði greidd úr landssjóði árlega í prestlaunasjóð, og gangi þaðan til að launa prestastétt landsins, — og að þessi skipun komist á jafnframt því er skattamálunum i heild þeirra verður af nýju skipað með lögum.

Um hina nýju skipun kirkjugjalda, er háttv. meiri hluti ræður til, get eg verið honum samdóma að því er bændakirkjur snertir.

Aftur á móti vil eg skylda söfnuði til að taka lénskirkjur til umsjónar, og gefa sóknarnefndum vald til að ákveða árlega nauðsynlega tekjuupphæð til handa kirkjum þeirra, og sé þá beitt sömu aðferð og reglum, sem meiri hlutinn leggur til að beitt sé við aukaniðurfjöfnun gjalds til kirkju.

En þótt mig í verulegum atriðum greini á við háttv. meiri hluta í þessu máli, ber eg eigi að þessu sinni fram sérstakt frumvarp né breytingartillögur, af því eg álit það eitt ráðlegt, að mál þetta biði eftir aðgerðum löggjafarvaldsins í skattamálinu i heild þess.

Alþingi 17. marz 1909.

Jens Pálsson.